

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3 Hella
850 Hella




Reykjavík, 6. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600014/ksj


Árvellir, landsspilda úr Litla-Klofa í Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundahúss.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings Ytra er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundahúss á landspildunni Árvellir í landi Litla Klofa í Landssveit. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits þar sem heimilt verður að byggja frístundahús, gestahús og gróðurhús/geymslu. Deiliskipulagið nær yfir um 3 ha af landsspildu sem er í heild 18,6 ha. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022 er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Skv. ofangreindu aðalskipulagi er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á hverri jörð í sveitarfélaginu, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundasvæði. Á jörðinni Litla Klofa eru engin frístundahús utan frístundasvæðis á jörðinni.

Á svæðinu er ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir er ekki svæði á náttúruinjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag á spildunni Árvellir en bendir á að mikilvægt er að frístundabyggð á svæðinu falli vel að umhverfinu enda umfangsmiklar frístundabyggðir (F-36, F-37 og F-38) í námunda við ofangreint deiliskipulagssvæði.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur